

# Læknaritarinn

April 2000

Sigrún Gisladóttir  
Álfhólsvégi 70  
200 Kópavogur

## formannspist

E 6

Á tímamótum er við hæfi að líta yfir farinn veg. Óhætt er að fullyrða að ýmislegt hefur gerst í 30 ára sögu félagsins sem styrkt hefur stöðu læknaritarans innan heilbrigðisþjónustunnar. Má þar fyrst nefna löggildingu starfsheitis okkar, sem veitir okkur starfsþryggi og hefur bætt okkar kjör.

Menntun stéttarinnar er ekki síður mikilvæg og var orðin brýn þegar loksins tókst að koma á námi sem nú er að skila heilbrigðiskerfinu góðum fagmönnum.

Undirrituð leyfir sér að vitna í ávarp Rósu Steingrímsdóttur sem hún flutti á 20 ára afmæli félagsins og birt var í Læknitaranum í maí 1991 og þar er hún að ræða um menntunarmál læknaritarar:


*"Annars ættum við að geta vel við unað þegar maður hugsar til þess að landið byggðist árið 874 en læknaskóli var ekki stofnaður fyrr en 1876 og voru þá um 1000 ár frá landnámi".*

Það tók okkur hins vegar ekki nema 8 ár frá stofnun félagsins að námi fyrir læknaritara var komið á í Fjölbautaskólanum í Breiðholti. En 23 ár liðu frá stofnun félagsins og þar til læknaritarar útskrifuðustu í fyrsta sinn við Fjölbautaskólanum í Ármúla, nú Heilbrigðisskólinn, þar sem námið er í dag.

Við skrif þessa greinarkorns leit undirrituð í Læknitarann, blaðið okkar sem hefur að geyma mörg gullkornin að ótoldum margs konar fróðleik um læknaritara á Íslandi.

Í áðurnefndu erindi Rósu minnist hún á þau tæki sem læknaritarar notuðu við vinnu sína fyrstu árin. Tölvur voru náttúrulega ekki komnar til sögunnar,

ritvélar ekki rafknúnar og kalkipappír sem varla þekkist í dag var ómissandi. Af þessu má sjá að staða okkar hefur verulega batnað hvað tæknina snertir.



Guðfinna Ólafsdóttir

um að orðið sekretær, sem er nafn á ritara á helstu menningartungum, þýði upphaflega mubla eða skrifborð og hafi það átt vel við því læknaritarar hafi verið svo þaulsetnir við skrifborðið að þeir nánast runnu saman við húsgögnum.

Vonandi á þetta ekki lengur við því nú er öldin önnur í orðsins fyllstu merkingu. Við lifum á 21. oldinni og gríðarlegar tæknibytingar hafa orðið sem vissulega hafa haft áhrif á líf okkar og starf.

Við beitum nýjustu tækni við dagleg störf og nú er svo komið að læknaritari getur hæglega setið við sína eigin tölvu á heimili sínu með sína vinnslustöð og unnið fyrir heilbrigðisstofnun sem þess vegna gæti verið staðsett í öðrum landshluta. Slíkt tilraunaverkefni er nú þegar í gangi og verður fróðlegt að fylgjast með niðurstöðum þess. Að sjálfssögðu þarf samþykki bæði Heilbrigðisráðuneytisins og Tölvunefndar fyrir slíkri vinnustöð en möguleikinn er fyrir hendi. Það broslega við þetta er svo að í nýjum heilbrigðisstofnunum er nú loksins farið að gera ráð fyrir vinnuaðstöðu læknaritara og að rými þurfi fyrir skjalageymslur. Með fullri virðingu fyrir tækninni þá er það einlæg trú míni að læknaritarar verði áfram sýnilegir á heilbrigðisstofnunum.

Á námsstefnu sem haldin var á vegum félagsins vorið 1997 voru kynntir möguleikar veraldarvefsins og sú hugmynd að læknaritarar gætu sótt þar námskeið (fjarnám). Pótti þetta hin mesta bjartsýni en læknaritarar voru áhugasamir og tóku vel í hugmyndina.

Fjarkennsla í læknaritun er þegar hafin svo segja má



að hugmyndin sé orðin að veruleika. Það er því ekki lengur nauðsynlegt að ferðast daglega í skólann. Í staðinn fá nemendur námsefni og verkefni send í tölvupósti frá skólanum. Mikil vakning er í alls konar fjarnámi og ættu læknaritarar að kynna sér stöðu þeirra mála. Stofnun símenntunarstöðvar í öllum landshlutum veitir fólk á landsbyggðinni aukin tækifæri.

Fyrir 5 árum fór undirrituð ásamt 3 læknariturum á ráðstefnu í Hollandi þar sem m.a. var fjallað um sjúkraskýrslur framtíðarinnar. Þar var kynnt suð hugmynd að sjúkraskráin gæti verið geymd á svokölluð smart korti. Kostirnir voru m.a. þeir að einstaklingurinn gengur þá með sína sjúkraskrá í veskinu. Gallarnir voru þeir að til þess að tryggja öryggi þurfti PIN númer til þess að fá aðgang að gögnunum og þá gat komið sér illa ef sjúklingur var með elliglop eða meðvitundarlaus. Þetta vandamál er örugglega búið að leysa fyrir löngu og hver veit hvenær við tökum þessa tækni í þjónustu okkar.

Læknaritarar þurfa að fylgjast vel með öllum nýjungum sem snerta starfið og vera jákvæðir fyrir breytingum sem oftast bæta starfsskilyrði okkar þó við sjáum það ekki alltaf í fyrstu.

Við þurfum sífellt að bæta við þekkingu okkar. Færni í tölvunotkun er höfuðatriði hjá læknariturum í nútíð og framtíð. Þar eru breytingarnar örastar og tölvur eru þau tæki sem við notum mest. Góð tungumálakunnátt er einnig lykilatriði í starfi okkar.

Frá stofnun félagsins hefur menntun stéttarinnar

verið aðalmarkmiðið. Vonandi verður þeim markmiðum haldið á lofti um ókomna framtíð.

Á námsstefnu sem haldin verður 14. apríl n.k. verður lögð áhersla á hin mannlegu samskipti en fátt er mikilvægara en að þau séu í lagi svo okkur geti liðið vel.

Mikið álag er á starfsfólk heilbrigðisstofnana og streita fylgir oft í kjölfarið þegar þannig er háttáð. Það þekkja sennilega flestir dæmi um hvernig ástandið getur orðið þegar andrúmsloftið er þrúgað vegna ósættis á vinnustaðnum eða á heimilinu. Félagar í Félagi íslenskra læknaritara eru allt konur. Það þótti því við hæfi að hafa efni námsstefunnar "Samskipti á kvennavinnustöðum". Þar fáum við að vita hvort konur og karlar hafi mismunandi eiginleika í starfi. Hvort vissir eiginleikar eru meðfæddir og aðrir áumnir. Ennfremur fræðumst við um kosti og galla kvenna í samstarfi.


Vonandi vekur efnið áhuga ykkar og sem flestar hafi tök á að mæta.

Í siðareglum Félags íslenskra læknaritara segir:

*"Læknaritara bera að þekkja skyldur sínar, viðhalda þekkingu sinni, tileinka sér nýjungar er varða starfið og varðveita hæfni sína með námi sem kann að vera í boði".*

Með þetta að leiðarljósi mun okkur farnast vel og staða okkar mun styrkjast innan íslenska heilbrigðiskerfisins.

-Guðfinna Ólafsdóttir, formaður



#### Útgefandi:

Félag íslenskra læknaritara, stofnað 1970.  
Ábyrgðarmaður: Guðfinna Ólafsdóttir.

#### Ritnefnd:

Fríða Hjálmarsdóttir, Einara Einarsdóttir,  
Harpa Karlsdóttir, Sif Sigurvinssdóttir.

#### Umbrot:

Rósa Mýrdal.

#### Prentun:

Fjörlitað.

**Munið aðalfund FÍL  
laugardaginn 15.04.00.**

#### Meðal efnis í blaðinu:

	Bls.
Formannspistill	1
Nokkrir molar úr sögu félagsins	3
Krossgáta	4
Hryggskekjur í nútíð og fortíð	5
Samantekt Kjaranefndar FÍL	8
Heimsókn í Ármúlaskóla	10
Heimsókn læknaritara til Minneapolis	12
I vinnunni með Kristínu	16


## Nokkrir molar úr sögu Félags íslenskra læknaritara

### Formenn Félags íslenskra læknaritara frá upphafi

Valgerður Steingrímsdóttir	1970—1972
Rósa Steingrímsdóttir	1972—1975
Bergljót Guðmundsdóttir	1975—1978
Ólöf Pálsdóttir	1978—1981
Elísabet Ottósdóttir	1981—1983
Gerður Helgadóttir	1983—1986
Rósa Steingrímsdóttir	1986—1987
Hafdís Sigurbjörnsdóttir	1987—1990
Guðfinna Ólafsdóttir	1990—2000



Formenn FIL fra upphafi myndin er tekin a 20 ára afmæli félagsins 1990. Talið fra vinstri: Elísabet Ottósdóttir, Gerður Helgadóttir, Rósa Steingrímsdóttir, Bergljót Guðmundsdóttir, Valgerður Steingrímsdóttir, Sigrún Sigurgests dóttir (var í fyrstu stjórn FIL), Ólöf Pálsdóttir, Guðfinna Ólafsdóttir. Á innfellu myndinni í horninu neðst til vinstri er Hafdís Sigurbjörnsdóttir.



Undirbúningsnefndin sem sá um fyrstu norrænu ráðstefnu læknaritara á Íslandi 1995.

F.v. Bryndis Óskarsdóttir, Gerður Helgadóttir, Kristin Snorradóttir.


### Merkisatburðir úr sögu félagsins

- 1970 Stofnað Félag læknaritara. Fyrsti formaður var Valgerður Steingrímsdóttir
- 1971 Aðalfundur félagsins breytti nafninu í Félag íslenskra læknaritara
- 1972 Heilbrigðisráðuneytið skipar nefnd til að undirbúa nám læknaritara
- 1973 Tillaga að reglugerð um nám fyrir læknaritara send Heilbrigðisráðuneytinu til umsagnar
- 1978 Nám fyrir læknaritara í Fjölbartaskólanum í Breiðholti
- 1979 Á læknaritarabraut FB eru skráðir 20 nemendur
- 1980 Hugmyndir vakna um lögverndun starfsréttinda
- 1986 Lögverndað starfsheiti læknritara.
- 1987 Hugmyndir eru uppi um að námið verði í Ritaraskólanum eða Tækniskóla Íslands.
- 1990 Ákveðið að nám í læknaritun verði við Fjölbautaskólanum við Ármúla. Eins árs nám og 6 mánaða starfspjálfun á heilbrigðis stofnunum. Inntökuskilyrði er stúdentspróf. Tuttugu ára afmælis félagsins minnst með ráðstefnu sem bar yfirskriftina "Varðveisla sjúkragagna í heilbrigðisstofnunum".
- 1993 Fyrstu læknaritararnir útskrifast frá Fjölbautaskólanum við Ármúla
- 1995 Tuttugu og fimm ára afmæli félagsins haldið hátiðlegt með ráðstefnu um "kosti og galla stéttarfélaga" og um "gildi ímyndar". Af sama tilefni var boðið upp á námskeið "Konur í stjórnun – betri persónulegur árangur".
- 1995 Fyrsta norræna læknaritararáðstefnan haldin á Íslandi
- 1997 Menntamálaráðuneytið skipar starfshóp til að endurskoða námskrá fyrir læknaritara
- 1998 Ný námskrá fyrir læknaritara tekur gildi. Námið lengist um eina önn og er nú 2ja ára nám.
- 1998 Læknaritarar fjlómenna á norrænu ráðstefnu í Þórshöfn í Færeyjum.
- 2000 Fyrstu læknaritararnir munu útskrifast frá Heilbrigðisskólanum samkvæmt nýrri námskrá.




Stjórn FIL 1995.  
Myndin er tekin á Norrænu ráðstefnunni á Hótel Loftleiðum. F.v. Kristin Snorradóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Sigrún Gísladóttir, Rósa Mýrdal, Guðfinna Ólafsdóttir.

# Krossgáta



BURDA	I	LETT	
TRE →			
ÖÐUR			
BURT		HROB	
A		Ö	
F		R	
KAVA- ði → KONU ↓		SKYI	
	VEISLA → KONU ↓	A T	



## Hryggskekkjur í nútíð og fortíð


Sennilegast muna flestir eftir átakamyndinni um Fílamanninn sem sýnd var fyrir allmögum árum. Í þeirri mynd var orsök líkamlegrar afskræmingar rakin til þess að móðir söguhetjunnar hafði orðið undir filahjörð meðan hún var ófrísk. Enn í dag verður maður var við hjátrú og hindurvitni þegar foreldrar leita skýringa á líkamlegri aflögum barna sinna. Þannig eru þau ár teljandi á fingrum annarrar handar síðan undirritaður heyrði þá ásökun af vörum föðurs að ástæða þess að kona hans hefði fætt barn með klumbufætur væri sú að hún hefði horft á aðra karlmenn á meðgöngunni!! Hafa hryggskekkur hjá unglungum og fullorðnum ekki farið varhluta af þessum misskilningi og þeim mun frekar sem orsök aflögunarinnar er að öllu jöfnu óþekkt.

Með hryggskekkju er átt við óeðlilega hliðarsveigju á hrygnum sé horft á hann aftan frá en þá á hann að vera beinn. Í aðalatriðum er hryggskekkjum skipt í tvennt. Annars vegar *starfræna* þar sem skekkjan er breytileg og t.d. háð undirliggjandi sjúkdómi s.s. bakverkjum eða mismun á lengd ganglimanna en hins vegar *varanlega* þar sem skekkjan er tengd viðvarandi breytingum á hrygnum og snúningi. Síðari flokknum er síðan skipt eftir því hvort orsókin sé þekkt eða óþekkt. Í tilviki Fílamannsins var til staðar þekkt orsök en hann hafði taugatrefjaæxlager (neurofibromatosis). Í afgerandi flestum tilvikum eða um 80% er orsókin þó óþekkt. Er það að öllu jöfnu sú tegund hryggskekkju sem við stöndum frammi fyrir.

Hryggskekkju af óþekktum uppruna er skipt eftir aldri þar sem hver aldurshópur hefur sín sérkenni. Í 80% tilvika greinist hún á unglingsárunum og þá oftast í kringum kynþroskaskeiðið. Er þá nokkuð sláandi að á meðan um tiltölulega væga skekkju er að ræða er kyndreifing nokkuð jöfn en eftir því sem skekkjan vex eykst hlutfall stúlkna. Er hlutfall stúlkna og drengja orðið allt að 9 : 1 í þeim tilvikum þegar meðferð verður nauðsynleg. Annað sláandi sérkenni er að algengasta staðsetning skekkjunnar er í brójsthrygg og þá er sveigjan nær alltaf til hægri. Svo sláandi er þetta að ef sveigjan er til vinstri ber viðkomandi lækni nánast skylda til að kanna aðrar undirliggjandi orsakir þar sem aukin tíðni er á sjúkdómum í eða við mænu í þeim tilvikum. Skiljanlega hefur þetta mynstur leitt til bollalegginga um að hormónabreytingar sem verða

á kynþroskaskeiðinu geti verið orsakapáttur í myndun hryggskekkjunnar án þess þó að fram á slíkt hafi verið hægt að sýna sem og hefur mismunandi stærð brjósta hjá stúlkum verið könnuð og jafnvel tengd við myndun skekkjunnar. Almenna skoðunin er hins vegar sú að það séu ekki hormónabreytingarnar sem súkar sem valdi skekkjunni heldur tengist hún tímabundið skyndilega auknum lengdarvexti. Þannig hefur verið sýnt fram á að ef skekkjan uppgötvast fyrir tíðabyrjun eru þrisvar sinnum meiri líkur á að hún versni en uppgötvist hún síðar. Sömuleiðis skiptir stærðin máli. Ef hryggskekkjan er innan við 20° og viðkomandi er yngri en 12 ára eru innan við 50% líkur á að hún versni. Þaðan af minni ef viðkomandi er eldri. Þannig er hættan á versnum bæði háð aldri og stærð og þegar afstaða er tekin til

**m e ð f e r ð a r e r**  
nauðsynlegt að taka tillit til beggja þessara þátta.



Yngvi Ólafsson, bæklinarlæknir

Vegna ofangreinds er það því almennt viðtekið að meðhöndla eingöngu skekkjur sem eru yfir 25°. Er eina meðferðin sem hægt er að bjóða upp á í dag svo fremi sem ekki er gripið til skurðaðgerðar er meðferð í belti. Er þá um að ræða plastbelti sem nær utan um allan bolinn, situr vel á mjaðmarkömbunum og er síðan mótað eftir því hvaða álag maður vill beita á skekkjuna. Er lágmarkstími notkunar um 20 klst. á hverjum sólarhring allt fram undir það að viðkomandi hættir að vaxa. Að leggja slíkt á stúlku sem hefur minna en 50% líkur á að verða verri er að sjálfsögðu ekki forsvaranlegt. Aðrar meðferðir hafa verið reyndar s.s. raförvun réttivöðvanna öðrum megin við hryggsúlna til að rétta upp skekkjuna, sjúkraþjálfun en í gamla daga var fólk látið ganga m.a. upp hrингstiga til að vinna gegn þeim snúningi sem fylgir þessum skekkjum, stöðuþjálfun, öndunarþjálfun, meðferð í ljósum o.fl. en ekkert af þessu hefur sýnt sig gagna. Sjúkraþjálfun eða líkamsþjálfun er að sjálfsögðu mikilvæg á meðan beltismeðferð fer fram til að vinna gegn þeirri rýrnun á bakvöðvum sem þá verður en að öðru leyti gegnir hún ósköp litlu hlutverki í meðferð þessa

## Sumar á Norðurlandi

Læknaritara yantar til sumarafleysinga á Lyflækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Nánari upplýsingar hjá skrifstofustjóra í síma 462 0175,

Læknaritaramiðstöð FSA óskar eftir læknaritara til afleysinga í sumar í 100% starf. Einnig vantar læknaritara til afleysinga a.m.k.í 9 mánuði frá júlí/ágúst.

Upplýsingar gefur Sigríður læknaritari í síma 463-0111.

## Starf óskast !

Ingibjörg læknaritari er að huga að nýju starfi og óskar eftir fullu starfi.

Sumarafleysingar koma til greina hvar sem er á landinu.  
Upplýsingar í síma 564-2407 eða 555-0000.

frh. af bls. 5...

sjúklingahóps. Burður á þungum skólatökum á annarri öxlinni skiptir sömuleiðis ekki máli hvorki við myndun skekkjunnar né meðferð.

Ef skekkjan verður síðan meiri en  $40^{\circ}$ - $50^{\circ}$  er farið að íhuga aðgerðir en nái hryggskekkjurnar þeirri stærðargráðu hefur það sýnt sig að þær versna jafnt og þétt um  $1-2^{\circ}$  á ári. Það er þó ekki fyrr en skekkurnar nálgast  $90^{\circ}$  sem hægt hefur verið að sýna fram á að þær hafi áhrif á öndunarrýmd lungna og hvað snertir verki er ekki víst að aukin tíðni sé á þeim fyrr en skekkjan yfirstígur  $60^{\circ}$ . Meðferðin beinist því annars vegar að því að koma í veg fyrir að hryggskekkjan nái  $40^{\circ}$  en hins vegar hindra að þær versni ef þær yfirstíga þau mörk. Er í báðum tilvikum um geysilega íþyngjandi og jafnvel lífshættulega meðferð að ræða og þarf því að vanda valið. Í öllum tilvikum hlýtur ákvörðunin að byggjast á líkunum á versnum.

Hefur á undanförnum árum verið vilji til að meðhöndlænnan sjúklingahóp á Sjúkrahúsi Reykjavíkur en þar hefur til nokkurs tíma fundist sérþekking bæði á bækunarsjúkdómum barna með sérstakri áherslu á hryggskekkjur barna og í hryggjarskurðlækningum með áherslu á aðgerðum vegna hryggskekkju. Hefur náðst ágætis samvinna við stoðtæknifræðinga sem og hafa sjúkraþjálfarar á sjúkrahúsini lýst yfir vilja til að annast þennan

## Læknaritarar !

Læknaritari óskast til afleysinga í sumar á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði.  
Húsnæði á staðnum.

Upplýsingar gefur Guðrún Magnúsdóttir, læknafulltrúi, s. 483 0317 kl. 8- 16.

## Læknaritarar

Röntgen Domus Medica óskar eftir læknaritara til afleysinga í sumar.

Upplýsingar gefur Matthildur læknaritari í síma 551-9335.

### Dagraunir Læknitarans

(Lag: Litla flugan (eftir Sigfús Halldórsson)

Texti: Ragnar Danielsen  
(örlitið lagað að nútímanum)

Fingur líða fimlega um borðið,  
fagmannlega stafina þær slá.

Hamast við að hamra rétta orðið,  
er heyrist varla spólunni á.

Ó, bara að þeir bullað gætu skýrar,  
og bunað þessu ljósar út úr sér.  
Linmæltir og leiðinlegir firar  
með latneskunni tefja fyrir mér.

Daufur áfram dagurinn svo líður,  
með Diet-pepsi, Prins-Póló og kók  
Læknabréfabunkinn lengi biður,  
er læknir fyrir viku að mér skók.  
Ó, bara að spólan bilaði í þessu  
og bandinu nú ekkert heyrðist á  
og diktafónninn dytti svo í klessu  
ég dæsa myndi og aðra kók mér fá.

Liðin er suð ljúfa tíð er forðum  
læknaritarar á hnjam þeim hvíldu á.  
Nú drukkna þær í diktafónsins orðum,  
dauðleiðar, því "ekkert lengur má".  
Við munnræpunni sífellt mega taká  
og munda fingur lyklaborðum á  
og verki fá af skorti á vöðvaslaka  
og vöðvabólgu að lokum sér í ná.

sjúklingahóp. Hefur enn ekki orðið úr að slíkt teymi hefur verið fullmyndað en viljinn er til staðar og sennilegast er eingöngu tímaspursmál hvenær þetta verður að veruleika.

-Yngvi Ólafsson, dr.med.



HVÍTAUSS 7. 514

FUJITSU COMPUTERS  
SIEMENS

olivetti

# Skrefi lengra

með Fujitsu Siemens tölvum og  
Olivetti prenturum og faxtækjum.

Smith & Norland eykur enn vörulu sitt og býður nú  
Fujitsu Siemens gæðatölvur þar sem japansk hugvit og  
hagkvæmni sameinast þýskum gæðum og nákvæmni.

Höfum einnig tekið við umboði fyrir Olivetti þar sem  
prentarar og faxtæki skipa öndvegi. Afkastamikill og  
traustur búnaður. Ítölsk hönnun eins og hún gerist best.



**SMITH &  
NORLAND**

Noatúni 4 • 105 Reykjavík • Sími 520 3000 • Fax 520 3011 • [www.sminor.is](http://www.sminor.is)

# Samantekt Kjaranefndar FÍL

## eftir aðlögunarsamningana

Kjaranefnd FÍL ákvað að gera úttekt á niðurstöðum aðlögunarnefndarsamninganna sem voru gerðir á árinu 1998. Upplýsingar voru fengnar frá sem flestum vinnustöðum læknaritara sem gerðu slíka samninga. Eftirfarandi súlurit eru hluti af niðurstöðum kjaranefndar sem kynnt var á síðasta aðalfundi FÍL. Þessi súlurit sýna þá upphæð sem samningarnir gáfu en miðað er við hæstu mögulegu flokkun vegna starfsreynslu og námskeiða. Samantektin var gerð í mars-apríl 1999 en við reiknum með að endurskoðun hafi farið fram á mörgum stöðum.



skoðun á aðlögunarnefndarsamningunum á framfæri til sinna stéttarfélaga þar sem það á við. Á þessum súluritum getið þið gert samanburð á stöðu ykkar miðað við sambærilega vinnustaði.

Undirritaðar eru tilbúnar að gefa nánar upplýsingar ef óskað er.

Samanburður á Norðurlandi

Nú viljum við biðja ykkur að senda okkur nýjustu upplýsingar og að læknaritarar á þeim stofnunum sem ekki eru með í þessari samantekt sendi gögn um hvar þeir raðast í flokka (grunnröðun, starfsreynsla, námskeið) fyrir nýja úttekt kjaranefndar. Kjaranefndin vill hvetja félagsmenn til að huga að sínum launa málum og koma ábendingum um endur-

### Kjarabaráttukveðjur að norðan

Guðrún Jóhannesdóttir

læknafulltrúi geðdeild FSA

S: 463 0202

netf: gudrunj@fsa.is


Sigurbjörg Haraldsdóttir

læknaritari Heilsug. á Ak.

S: 460 4658


netf: sibba@hak.ak.is

Samanburður á Suðurlandi




Samanburður  
á  
Suðurlandi

Samanburður á höfuðborgarsvæðinu



Samanburður  
á  
höfuðborgar-  
svæðinu

Samanburður á Vesturlandi



Samanburður  
á  
Vesturlandi

## Heimsókn í Ármúlaskóla

Okkur í ritnefnd fannst alveg upplagt að reyna að draga upp skýra mynd af þróun í skólamálunum núna á þessum 30 ára afmælistímamótum Félags íslenskra læknaritara og í framhaldi af því fór blaðamaður Félags íslenskra læknaritara í heimsókn upp í Ármúlaskóla mánudaginn 20. mars í þeim tilgangi að fá viðtal og taka mynd af nemendum þeim sem útskrifast núna í vor. Nemendurnir sem útskrifast í vor eru átta talsins.

Nemendurnir gáfu eftirfarandi upplýsingar um námið:

Stúdentspróf eða hliðstæð menntun og reynsla er inntökuskilyrði fyrir þessa námsbraut. Krafið er mjög góðrar kunnáttu í íslensku, stafsetningu, ritvinnslu og að minnsta að kosti einu erlendu tungumáli. Námið er alls fjórar annir og 75 einingar, sem skiptast þannig að þrjár bóklegar annir gefa 57 einingar og sex mánuðir í starfsþjálfun gefa 18 einingar. Starfsþjálfunin fer fram á tímabilinu maí-júni til nóv.-des. Starfsþjálfunin fer fram eftir aðra önn.

Námsáfangarnir eru enska, heilbrigðisfræði, latína, líffæra – og lífeðlisfræði, líkamsbeiting, lyfjafræði, læknaritun, ritvinnsla, siðfræði heilbrigðisstéttu, sjúkdómafræði, skjalastjórn, gæðastjórnun, tölvufræði og að lokum starfsþjálfun. Þess ber að geta að námið er láns-hæft allan skólatímann.

Þetta er fyrsti hópurinn sem útskrifast eftir að námsáætlunin var breytt og tók þessi breyting gildi 1998, en áður var brautin 36 einingar, ekki voru gefnar einingar fyrir starfsþjálfun. Þannig hefur boklega námið nú verið aukið um 21 einingu og einni önn bætt við.

Því er ekki að neita að álagið í náminu er tölvert, þar sem námið er mjög samanþjappað og einnig er keyrslan mikil, þannig að við teljum þetta geta komið niður á gæðum brautarinnar. Einnig teljum við að þetta séu

byrjunarörðugleikar, vegna nýrrar námskrár, sem verður hægt að lagfæra að fenginni reynslu, þannig að læknaritarabrautin verði góður námskostur og eftirsóttur, því að atvinnumöguleikarnir eru mjög góðir. Þrátt fyrir mikið álag, á meðan á náminu stendur, er ekki



Nemar á seinna ári í læknaritun: Frá vinstri: Nikolina Th. Snorradóttir, Hrafnhildur Rafnsdóttir, Helga Kristjánsdóttir, Sigurlaug Einarssdóttir, Arnbjörg Þórðardóttir, Áslaug Sigvaldadóttir.

hægt að líta framhjá því að námið er að skila vel menntuðum læknaritum.

Einnig er gaman að geta getið þess, að hægt er að taka hluta af læknaritaranáminu í fjarnámi. Fjarnámið er í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Fjarnámið hentar einstaklega vel fyrir t.d. starfandi ritara, sem vilja ná sér í réttindi, og einnig fyrir þá sem vilja stunda þetta nám á lengri tíma og vinna samhliða náminu. Áfangar sem eru í boði eru meðal annars enska, heilbrigðisfræði, latína, líffæra- og lífeðlisfræði, lyfjafræði, læknaritun (hún er ekki kennd í fjarkennslu VMA, heldur beint frá Ármúlaskólanum í Reykjavík), siðfræði heilbrigðisstéttu, sjúkdómafræði og skjalastjórnun.

Kostnaður við fjarnámið fer eftir einingafjölda. Einingarverð er kr. 4.429, en lækkar við 3 ein. Og síðan við hverjar 3 ein. Læknaritaranámið í fjarkennslu, sem er upp á fimm einingar kostar kr. 25.000,- á önnina.

Við mælum með þessu námi, það er mjög

fjölbreytilegt og endurmenntunar- möguleikar eru með ágætum. Nú þegar séð er fyrir, að námið er komið í góðan farveg, finnst okkur tími til kominn að finna leiðir til úrbóta í launamálum.

Fyrir hönd ritnefndar blaðsins vil ég þakka nemendum kærlega fyrir greinargóðar upplýsingar. Það er ánægjulegt til þess að vita að skólamálin eru í þróun og mótn samkvæmt breyttum kröfum samtímans hvað störf læknaritara varðar.

-Einara S. Einarsdóttir

**Netfang**  
Félags íslenskra læknaritara  
laeknarit@sfr.bsr.is

**Læknaritarar !**  
Sendið skrifstofunni netföngin ykkar  
sem fyrst svo hægt sé að útbúa póstlista.

## Er tu nógur sterkur til að þola gagnrýni ?

Gagnrýnandinn skiptir ekki máli, þessi náungi sem bendir á hvar hinn sterki hrasar eða hvar afreksmaðurinn gæti gert betur. Þakkirnar á maðurinn sem er í eldlínunni, markaður af ryki, svita og blóði, sá sem streitist hugrakkur við, gerir mistök og finnur vanmátt sinn hvað eftir annað vegna þess að öllum tilraunum fylgia mistök og vanmáttur, maðurinn sem veit að hverju hann á að stefna helgar sig verðugum máleznum og fylist að lokum, ef vel gengur, sigurtilfinningu. Ef honum mistekst þrátt fyrir djarflega fram göngu gerir hann sér þó grein fyrir því að skarð hans verður aldrei fyllt feimnum og kaldlyndum sálum sem hvorki þekkja sigur né tap.

(Theodore Roosevelt.)

## Hugleiðingar um afleysingastörf læknaritara

Ég Auður Dúadóttir starfa sem læknaritari á Lyflækningadeild FSA á Akureyri og sótti um afleysingastarf sem læknaritari á Sjúkrahúsínu á Akranesi sl sumar, eftir auglýsingu í blaði okkar læknaritara.

Það er skemmt frá því að segja að þetta var alveg frábær tími. Ég var auðvitað kvíðin að fara á nýjan stað og hitta nýtt samstarfsfólk en það hvarf nú fljótt eftir fyrsta daginn því móttökurnar voru frábærar hjá öllu starfsfólkini. Ég fékk herbergi í starfsmannabústaðnum sem staðsettur er við hliðina á sjúkrahúsínu. Þar bjó ég í einu herbergi og var með sameiginlegt eldhús og snyrtingu ásamt fleira góðu fólk sem bjó þar.

Það kom mér dálítið á óvart að sjúkrahúsið var ekki stærra en raun bar vitni, miðað við það ferli og þá þjónustu sem þar er veitt.

Að mínu mati er það mjög gott fyrir okkur læknaritara að fara á nýja vinnustaði og kynnast starfsaðferðum viðkomandi staða. Til dæmis í mínu tilfelli þá fékk ég að skrifa röntgenlýsingar, og þó ég hafi verið að skrifa læknarbréf og journala þá eru

ekki sömu vinnuaðferðir og á þeirri deild sem ég vinn á.

Miðað við þá reynslu mína að starfa við afleysingar á annarri stofnun, tel ég það umhugsunarvert að koma á einhverskonar "vinnuskiptum". Það er að læknaritarar hefðu möguleika á að skipta um vinnustað við annan læknaritara í einhvern tíma, til þess að kynnast öðrum starfsaðferðum og bæta þannig við sig faglegri þekkingu í starfi.



Ég ætla nú ekki að hafa lengra en ég vil segja: Takk fyrir mig stelpur á Sjúkrahúsínu á Akranesi og ég hlakka til að sjá ykkur í júlí þegar ég kem til afleysingastarfa aftur.

Og að sjálfsögðu: Ef þið hafið möguleika á að komast að heiman : Drífið í því að sækja um stelpur!

-Auður Dúa.

## Heimsókn til læknaritara í Minneapolis

Hér á eftir fer ferðasaga Auðar Dúadóttur læknaritara á Lyflækningadeild Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri til Minneapolis í Minnasota.

Loksins, loksins. Komin inn í fríhöfnina í Keflavík á leið til Bandaríkjanna þann 12. september sl. Fór að heimasækja vinkonu mína Peggy Bergstrom sem ég dvaldi hjá fyrir löngu eða árið 1970. Við höfum haldið sambandi síðan en ekki hist fyrr en nú eða 29 árum seinna!

Peggy vinkona mína er hjúkrunarfræðingur og vinnur við rannsóknir í sambandi við krabba-meinssjúklinga, sem byggist nær eingöngu á símtölum og úrvinnslu gagna í tölvukerfi.

Eftir að ég kom til Peggyjar þá bað ég hana að athuga fyrir mig hvort ég gæti fengið að skoða aðstöðu læknaritara á Fairview-University Medical Center þar sem hún vinnur, en árið 1997 voru þessi tvö sjúkrahús sameinuð, The University of Minnesota Hospital og Fairview Riverside Medical Center. Við sameininguna urðu leguplássin 1868 og starfsmenn alls 6.294.

Peggy talaði við yfirmann læknaritara og fékk ég leyfi til að koma til þeirra. Við lögðum af stað kl. 06.30 að morgni og það tók okkur um 25 mín að komast á sjúkrahúsið. Ég stoppaði fyrst við hjá yfirmanni deildarinnar sem heitir Pat Gastongua.




Auður Dúadóttir og Pat Gastongua

Hennar verksvið er ansi viðamikið og hún sagði mér að fyrst hefði hún lokið 4 ára námi í læknaritun og síðan 2 ára námi í stjórnun. Á

þeim tíma sem ég var úti var nýlega búið að flytja aðstöðu læknaritara yfir á University Hospital frá The Fairview Hospital (vegna sameiningarinnar 1997) og einnig var verið að taka alveg nýtt tölvukerfi í notkun.

Á deildinni sem Pat er yfir vinna 17 læknaritarar, og flokkast sú deild niður í 3 einingar. Á deildinni er

unnið næstum því allan sólahringinn. Þetta er að vissu leyti sveigjanlegur vinnutími og vaktímar eru eftirfarandi: Kl. 7.00 til 15.30 eða 8.00-16.30 og síðan 15.30 til 24.00 eða 16.30 til 01.00. Í þessum vinnutíma er reiknað með ½ klst. matarhléi og 15 mín. hléi.



Læknaritari í Minneapolis við störf. Eins og sjá má er vinnuaðstaðan ekkert til að hrópa húrra fyrir!


Í sambandi við nám læknaritara er um nokkuð margar leiðir að velja og væri alltof langt mál að fara að tíunda það allt hér. Aðalupristaðan er þó 2ja ára eða 4 ára nám og síðan hægt að fara í framhaldsnám í stjórnun.

Í byrjun dags er prentaður út listi yfir forgangsröðun verkefna. Þau verkefni sem fyrst þarf að vinna eru sérmerkt. Daginn eftir er aftur prentað út og þá sést hvað hefur orðið eftir. Einnig er hægt að prenta út afköst ritara, hvað fór mikill tími í hverja skýrslu fyrir sig og hvaða læknar dikteruðu og hvaða læknaritarar skrifuðu.

Eitt af því sem mér fannst mjög athyglisvert var verksvið svokallaðra "coders" en það felst í því að þær finna sjúkdómsgreininguna með því að fletta í skýrslum og "coda" eins og kallast á slæmri íslensku, þannig að það eru læknaritarar sem finna sjúkdómsgreininguna en ekki læknarnir. Síðan voru aðrar sem eingöngu skrifuðu komunótur og aðrar sem voru í að skrifa læknabréfin. Í einu herberginu var allur póstur flokkaður niður og sendur út.

Í stað diktafóna og afspilara eins og við þekkjum hér er símakerfið notað, þannig að læknarnir geta

verið staddir utan sjúkrahússins þegar þeir lesa inn skýrslurnar. Þeir hafa sitt aðgangsorð í símakerfinu og lesa inn, síðan tengjast læknaritararnir við símakerfið þegar þeir fara að skrifa. Þat yfirmaður deildarinnar tjáði mér að tölvukerfið væri mjög öruggt. Það er þannig byggt upp að ef einhver opnar tölvukerfið á sjúkrahúsini og fer inn í sjúkraskrár án tilgangs þá er það rakið og getur orðið brottrekstrarsök úr starfi.



Starfsmaður í frágangsherbergi þangað sem koma allir pappírar frá læknaritum.

Tæplega helmingur (eða um 40%) af vinnu læknaritara er boðin út til verkatafyrirtækja og þannig hafa læknaritarar möguleika á að vinna heima. Sá möguleiki er mjög vinsæll og er einnig hægt að fá hærri laun með þeirri vinnutilhögun. Þessir læknaritarar þurfa að fara í starfsþjálfun í a.m.k. þrjá mánuði áður en þeir

fá starfsleyfi til að vinna utan sjúkrahússins.

Í sambandi við launin þá fékk ég ekki nákvæmar tölur, en meðallaun eru frá 11.52-17.20 dollarar á klst.(ca. 168.000 á mánuði þá miðað við 15 dollara á klst.) en hægt að fara töluvert hærra. Það er skortur á læknaritum, alla vega á þessu svæði þar sem ég var. Það hefur lengi blundað í mér að fara til Bandaríkjanna til náms eða starfa sem tengist læknaritun, en það er þekkt vandamál fyrir "útlendinga" að fá atvinnuleyfi eða svokallaða "græna kortið" og því hefur ekkert orðið enn úr þessum draum mínum.

Meðan ég var í Minneapolis hitti ég tvo íslenska lækna, Örn Arnar hjartaskurðlæknin sem hefur starfað í mörg ár í USA og Harald Bjarnason aðstoðarprófessor á myndgreiningardeild sjúkrahússins. Þeir báðu fyrir góðar kveðjur heim.

-Auður Dúadóttir, læknaritari

## Zjir sjúkraskrám....

Þroskaheftur drengur kemur í göngudeild: Læknirinn sem fylgir honum eftir með nótu um framför hans: "Hann hefur þroskast mikið og sem dæmi má nefna það að hann heilsar manni hressilega með handabandi, kreistir á manni höndina og segist vera sterkur og býður upp á það að spaska í mann, segir síðan: "þú ert vitlaus" Af þessu má sjá að honum hefur farið allverulega fram.

Drengurinn er verulega obstructivur, kvefaður með rennandi nef...


Drengurinn er duglegur að borða en er mjög lélegur í drykkjunni.

Talsvert bar á uppköstum á sængurkvennagangi...

Sjúklingur hafði niðurgang á deildinni fyrstu two dagana, en varð síðan niðurgangslaus.

Hún var meðhöndlud með tærum vökva og síðan vaxandi fæði...

Settist sjálfur 8 mánaða. Gengur með síðan 10 mánaða og er alveg að fara að sleppa sér...



Ég viðurkenni það - hann strekkti aðeins og mikið í þetta sinn !

Fóstur í höfuðstöðu. Höfuð laust ofan eftir ops...

Drengurinn liggar með opinn munninn og hann lokar yfirleitt ekki munnum, er svolitið gapandi, en getur þó lokað munnum...



## Tveggja mínútna afgreiðslufrestur

TATUNG tölvunar koma tilbúnar  
með 3 ára verksmiðjuábyrgð.

www.griffill.is  
SKEIFUNNI 11d  
Sími 533 1010

GRIFFILL  
hendur med þér



## Gamall slagari sem gekk á Lansanum fyrir mörgum árum

Lag: Það er draumur að vera með dáta.

Í líkama mannsins mörg meinsemdin er með vírusa hjarðir og bacillu her, því er varist og barist og virki eru reist vel menntað starfslið og þrautin er leyst. Og spyrðir þú hjúkku, hví sé hún svo sael hún svarar um Achilles hæl: Það er draumur að skera með skáta og sauma fram á nótt, sjá hann bætur á æðarnar máta og víkka út allt sem er mjótt-síðar þegar hann skiptir um gír í söngnum sá indæli fir. Það er draumur að skera með skáta og sauma fram á nótt.

Á Lansa er karlmannlegt kirurga lið þeir kíkja inn í brjósthol og rista á kvið, þvo sér um hendur og fara í slopp skera og klippa og saga í hvern kropp, en hugurinn hann var hjá læknunum stór og hjúkkurnar rauluðu í kór:

## Nokkrar áhugaverðar heimasíður

Danska læknaritarafélagið HK:  
<http://www.dl-hk.dk/>

Danska læknaritarafélagið SALD:  
<http://www.sadl.dk/>

Sænska læknaritarafélagið:  
<http://www.lakarsekreterarforbundet.a.se/>

EFMSA (Evrópusamtök læknaritar):  
<http://www.terravista.pt/nazare/1955/>

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið:  
<http://www.stjr.is/htr>

Landlæknisembættið:  
<http://www.landlaeknir.is>

Læknablaðið:  
<http://www.icemed.is/laeknabladid>

Tryggingastofnun ríkisins:  
<http://www.tr.is>

Orðabanki íslenskrar málstöðvar:  
<http://www.ismal.hi.is/ob/index.html>

Það er draumur að skera með skáta og skera samvaxtarhaft.

Í slagæðaprengsli skal láta skáta-síðbuxnagraft, er þá blóðflæði komið á ný og löppinni borgið með því.

Það er draumur að skera með skáta og sauma í nylon og taft.

En unglæknaliðið og stúdenta stóð sjúklinga stinga og gefa þeim blóð, þeir smásárin sauma eða setja í þau tróð -svo er hobbíð þeirra að faðma hvert fljóð, en spyrjir þú fljóðin þau ansa þér stutt sex-orku ræður ei Hjörleifur Gutt.

Að lokum skal lífsins gáta leyest bæði vel og fljótt með því hormón og hvatana láta hamast í blóðinu í nótt.

En almesta sælan er sú ef tilkippileg er þú.

Það er draumur að skera með skáta og sauma fram á nótt.

# Útskrifaðir læknaritarar des. 1999



Frá vinstri: Guðrún Narfadóttir kennslustjóri, Sigurlína Örlygsdóttir, Ásta Guðný Kristjánsdóttir, Ólafía Jónatansdóttir, Bryndís Óskarsdóttir kennari.  
Ásta og Sigurlína eru fyrstu læknaritaranemarnir sem útskrifast úr fjarkennslu og Ólafía er síðasti nemandinn sem útskrifast skv. gömlu námsskránni.

*frh. af bls. 16...*

aukinni tölvutækni opnast ýmsir möguleikar fyrir ritara. Það myndi henta mörgum riturum vel að geta unnið hluta af vinnunni heima. Læknirinn, eða hver sem þarf að láta skrifa fyrir sig bréf getur lesið það inn á tölvuna hjá sér á einum stað og ritarinn, sem er staðsettur á allt öðrum stað, skrifar það inn og sendir til baka. Auðvitað er það allt undir því komið að boðleiðirnar séu öruggar, þ. e. að fyllsta öryggis sé gætt við meðhöndlun upplýsinganna. Ég byj sjálf fyrir austan fjall og er 45 mín. að keyra í vinnuna á morgnana, þess vegna gæti þetta hentað mér afskaplega vel.

#### *Hvað finnst þér um skólamálin?*

Ég veit nú ósköp lítið um skólamálin. Mér finnst alveg sjálfsagt að hafa stúdentspróf sem inntökuskilyrði í skólann. Íslensku-, ensku- og latínukunnáttan þarf að vera góð og tölvukunnáttan sömuleiðis. Þar sem stétt

okkar nýtur lögverndunar er nauðsynlegt að námið geri kröfur sem verðandi læknaritarar búi að alla tíð. Annars eignum við það á hættu að trúverðugleiki okkar glatist. Öflugur og góður skóli er einn af hornsteinum starfs okkar og okkur ber að standa vörð um hann.

#### *Zír sjúkraskrám...*

Eðlileg augnskoðun fyrir utan sérkennilegt andlitsfall.

Sjúklingur borðar reglulegt mataræði.

Það vottar fyrir gyllinæð hægra megin í kálfu.

## ✓ vinnunni með .....

### Af hverju valdir þú petta starf:

Ég er raunar íþróttakennari að mennt, útskrifaðist frá Laugavatni 1984 og fór að kenna á Patreksfirði. 1988 leysti ég læknaritarann á heilsugæslunni af í smá tíma og fannst bara gaman. Í júní 1991 bauðst mér síðan starf þar í ákveðið tölvuverkefni sem átti að taka 3 mánuði, það teygðist úr verkefninu og ég tók ég mér frí frá kennslunni um haustið og gerðist læknaritari. Ég fór síðan á námskeið í febrúar 1992 í Ármúlaskóla o g fæk k löggingdu. Ég byrjaði að kenna aftur 1993 og var í hálfu starfi sem læknaritari þangað til ég fluttist til Reykjavíkur í júlí 1996. Þegar ég kom í bæinn var ég ein með 10 ára dóttur mína og var ekki tilbúin að binda mig í kennslunni, auk þess sem ég fékk loforð um þessa stöðu hér á Læknasetrinu á mun hærri launum en ég átti kost á í kennslunni sem og meiri sveigjanleika í vinnutíma. Ég vann í 1½ mánuð á barnadeildinni á Sjúkrahúsi Reykjavíkur og kom svo hingað í september.

### Hefur þú verið fastráðin í annarri vinnu?

Ég kenndi íþróttir við Grunnskólann á Patreksfirði frá 1984-1991 og sund frá 1993-1996. Svo rak ég líkamsrækt á Patreksfirði í 2 ár með kennslunni, leigði sjúkrabjálf-unaraðstöðu á heilsugæslunni og var með pallaleikfimi í íþróttasal grunnskólans. Eitt árið vann ég við að keyra út gos og sælgæti í verslanirnar fyrir vestan, keyrði sendiferabíl yfir fjallvegina þarna nokkrum sinnum í viku.

### Hverju vildir þú helst geta breytt í vinnunni?

EKKI svo sem miklu. Við höfum allt til alls, góðar og hrað-



**Aldur:** 39 ára.

**Laun:** Ríflega þau laun sem ég hafði í kennslu

**Vinnustaður og staða:** Læknafulltrúi á Læknasetrinu sf. frá því í september 1996.

**Fjölskylduhagir:** Í sambúð og á eina 13 ára dóttur.

**Áhugamál:** Fyrst skal telja íþrótt- og æskulýðsmál, ég er algjört félagsmála-gúru. Ég er í stjórn og framkvæmdastjórn Ungmennafélags Íslands, er í stjórn Fjárlíþróttasambands Íslands og varamaður í stjórn Íslenskra Getrauna. Þá er ég fulltrúi stjórnar UMFÍ í Unglingalandsmótsnefnd, en næsta Unglingalandsmót verður haldd á heimasvæði mínu, Vesturbyggð og Tálknafirði um næstu Verslunarmannahelgi. Svo er það leiklistin. Ég starfaði með Leikfélagi Patreksfirðar í 10 ár og þegar ég flutti suður byrjaði ég að starfa með áhugaleikfélaginu Hugleik, var hvíslari hjá þeim fyrsta árið og síðasta vor var ég aðstoðaleikstjóri og lék 2 smáhlutverk í leikritinu Nóbelsdraumar. Í veturn hef ég ekki verið með því ég er flutt austur fyrir fjall. Síðasta sumar fór ég í Leiklistarskóla Bandalags Íslenskra áhugaleikfélaga í Svarfaðadalnum í 10 daga. Það var yndislegur tími. Eftir það gekk ég í leikfélagið Sýnir sem er leikfélag með fólk allstaðar að af landinu. Ég er mikil áhættufíkill og hef mjög gaman af allskyns svaðilfórum, þegar ég var fyrir vestan var ég í björgunarsveitinni Blakk, lengst af ein með strákunum og lenti í ýmsu þar. Ég hef farið tvívar í fljótaSiglingar og í júní 1997 fór ég í fjögurra daga hestaferð frá Snæfellsnesi áleiðis upp í Borgarfjörð, hafði aldrei komið á hestbak áður og gekk rosalega vel. Í nóvember 1997 fór ég til Flórida og lærði fallhlífastökk, það var ofsalega gaman. Ég hef samt ekki stokkioð nema 20 stökk, því ég hafði ekki efni á að hella mér út í þetta.

virkar tölvur og fáum yfirleitt allt sem okkur langar í. Það sem er kannski leiðinlegast er hvað við erum einangraðar. Fyrir ári síðan vorum við ritararnir og hluti af rannsóknastofunni fluttar í annað húsnæði þar sem læknunum fjölgæði stöðugt og vantaði pláss. Þetta hefur bæði kosti og galla. Við vinnum betur, minna áreiti og kvabb og mjög rólegt umhverfi. Það sem er verra er að við fjarlægjumst læknana og hitt starfsfólk og erum ekki með í umræðunni í fyrirtækinu. Við fórum alltaf á milli með pappíra 1-2 sinnum á dag en skiptumst á að fara, þannig að það líða stundum nokkrir dagar á milli þess að við komum út á Læknasetur og þar sem læknarnir eru flestir bara einu sinni í viku hjá okkur erum við alveg hættar að sjá þá suma. Þetta finnst mér verst því ég vil hafa gott samband við þá sem ég vinn fyrir. Við erum þrír starfandi ritrarar núna á Læknasetrinu og höfum nóg að gera með 30 lækna. Við verðum að hafa við þeim, megum ekki safna neinu upp. Þeir eru með stofu einu sinni í viku og við verðum að klára bunkana þeirra áður en þeir koma á stofu næst. Það er stundum svoltið stress á okkur en við látum þetta ganga. Við skiptum læknunum á milli okkar en tökum annars það sem til fellur. Þetta er mjög frábrugðið starfi mínu eins og það var á heilsugæslunni á Patreksfirði. Þar gat ég lent í öllu mögulegu öðru en að pikka. Hér er allt miklu rólegra, ég er bara að skrifa nótur og bréf og sjá um að ekkert vanti.

**Hvernig líst þér á framtíðina?**  
Mér líst vel á framtíðina. Það sem ég er spenntust fyrir þessa dagana er fjarvinnsla. Með

frh. á bls. 15....

## Kristínu Gísladóttur